

Margt er þó vel og vingjarnlega talað til skáldsins í ritdómi þessum. Þó er það tvísýnt að nokkur skilji þá athugasemd, að ýms kvæði skáldsins séu kveðin í of miklum hita (af of heitri sannfæringu?). Betur fer það, að sá vaki, er aðra ætlar að vekja, og fæstir trúu því, að nokkurt mál missi í við það, að það sé sannfæringarmál þess er flytur. Vér þekkjum engin þau orðatiltæki í kvæðunum „Á spítalanum“, eða „Vestmenn“, er hamli skilningi á efni þeirra kvæða, og mörgum mun finnast þau nógu skír, ef ekki um of.

Pá er athugasemdin um kvæðið „Vestmenn“ dálítið Evrópu-skotin, og kennir þar óhugar þess, er Evrópa, hin forna tígulega Evrópa! ber til Ameríku. Af því jafnrétti manna er ekki alfyllkomið í Bandaríkjunum, og af því þar er maður, er Rockefeller heitir, þá er kvæðið ofkveðið og öfgafullt.

Hvaða skilning leggja menn í sögu í Khöfn? Háskólastudent, eins og þessi ritdómari að sjálfsögðu er, ætti þó að þekka það til sögu, og þá um leið að vita, að það voru fyrst Bandaríkjamenn, er gjörðu konungstilbeiðsluna að hlægilegu hneyksli í veraldarsögunni,— að Bandaríkjamenn voru þeir, er allra manna fyrst bæði sönnuðu og sýndu, að sú vörn konungdómsins, er drjúgust þótti á átjándu öldinni, að almúgafólk væri því ekki vaxið að stjórna sér sjálft, var lýgi og á engu bygd,— að Bandaríkjaþjóðin var sú fyrsta þjóð til að hrinda af sér þrældómsfjötrum harðstjórans—bróðurlegri kúgun Englendinga—og gjöra tilkall konungs, að ríkja fyrir „guðs náð“, að spotti,— og að stjórnarskrá Bandaríkjamanna er sú frjálslyndasta og forðómalausasta stjórnarskrá, er heimurinn hefir ennþá séð. Og þaðan flugu neistar, „er Evrópu hleyptu í loga“ með stjórnarbyltingunni frönsku, sem Frelsisstríð Bandaríkjamanna flýtti meir en nokkur maður er fær um að ákveða. Kyrkjulögin amerísku eru þau, sem nú eru að afnema ríkiskyrkjurnar í Evrópu, og amerísk þjóðfélagsskipun, sem er að gjöra stéttaskipunina —þetta eldgamla stærilætisgoð Norðurálfunnar,

„er guð öllu stóru til grundvallar skóp,
og gaf sínum trúaða lýði“

—að háðleik.